

## REGLUGERÐ

### um einkennisbúninga og merki fangavarða, forstöðumanna fangelsanna og forstjóra Fangelsismálastofnunar ríkisins.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

###### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um gerð og notkun einkennisbúninga, einkennismerki, einkennismerkingar og fangavarðaskilríki Fangelsismálastofnunar ríkisins.

###### 2. gr.

###### *Skýringar.*

Með einkennisbúningum Fangelsismálastofnunar ríkisins er í reglugerð þessari átt við þann einkennaða fatnað sem forstjóri fangelsismálastofnunar hefur samþykkt til notkunar hjá fangelsunum.

Með einkennismerkjum fangavarða er átt við armmerki, húfumerki, merkingarnar „FANGA-VÖRDUR“, einkennishnappa og stöðueinkenni.

Með fangavarðaskilríki fangelsismálastofnunar er átt við skilríki fangavarða sem Fangelsismálastofnun ríkisins gefur út og eru undirrituð af forstjóra hennar.

###### 3. gr.

Fangaverðir og aðrir starfsmenn fangelsa skulu bera einkennisfatnað samkvæmt þessari reglugerð þó með þeirri undantekningu að samkvæmt ákvörðun eða með samþykki yfirmanns geta þeir starfað óeinkennisklæddir þegar eðli verkefnisins er slíkt að það sé æskilegt.

Við afgreiðslu á einkennisfatnaði skal taka fullt tillit til þess að fatnaður henti báðum kynjum.

Konur sem gegna fangavarðastörfum á meðgöngutíma, skulu eiga kost á að fá skokk og síðbuxur við hæfi samkvæmt nánari ákvörðun fangelsismálastofnunar.

Forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins og forstöðumenn fangelsa geta að jafnaði verið óeinkennisklæddir við dagleg störf, en skulu vera einkennisklæddir við sérstakar athafnir og hátiðleg tækifæri, þegar það telst vera viðeigandi.

###### 4. gr.

###### *Úthlutun og skylda til að eiga tiltækan einkennisfatnað.*

Fangelsismálastofnun ríkisins skal útvega einkennisfatnað og annan nauðsynlegan búnað samkvæmt þessari reglugerð.

Úthluta skal einkennisfatnaði og öðrum búnaði samkvæmt því sem ákveðið er í verklagsreglum. Haldin skal skrá yfir afhentan einkennisfatnað og annan búnað.

Þeim sem úthlutað er einkennisfatnaði samkvæmt reglugerð þessari er skylt að eiga hann tiltækan.

Einkennisbúninga, merki og fangavarðaskilríki Fangelsismálastofnunar ríkisins er einungis heimilt að nota í þágu starfsemi fangelsanna, sbr. þó 19. gr.

#### II. KAFLI

##### Einkennismerki fangavarða.

###### 5. gr.

###### *Merking á jakka 1.*

Á jakka 1 skal vera lítið skjaldarmerki úr málmí, 22 mm að hæð, á hvoru kragahorni.

6. gr.  
*Armmerki.*



Armmerki skal vera hringlaga úr svörtu klæði, 8 sm á hæð og 6,8 sm í þvermál. Á því skal vera skjaldarmerki Íslands, ísaumað, 3,5 sm á hæð. Utan um skjaldarmerki Íslands, skal vera ísaumuð, með gylltum þræði, 1 mm breið rönd og önnur rönd, 2 mm breið og skal hún vera 2 mm frá jaðri armmerkisins. Í bilinu á milli randanna, sem skal vera 1 sm að breidd, skal vera ísaumað, með gylltum þræði, fyrir ofan skjaldarmerki Íslands orðið „FANGAVÖRÐUR“ með stafagerðinni Arial, 7 mm á hæð.

7. gr.  
*Húfumerki.*

Húfumerki á einkennishúfu 1 skal vera skjaldarmerki Íslands, 4 sm að hæð, úr gylltum málm. Húfumerki á einkennishúfu 2 skal vera ísaumað fangavarðarmerki. Húfa 3 skal vera ómerkt.

8. gr.  
*Einkennishnappar.*

Einkennishnappar á búningum fangavarða skulu vera hringlaga, úr gylltum málm, með upp-hleyptri mynd af skjaldarmerki Íslands. Þeir skulu annars vegar vera 16 mm í þvermál og hins vegar 21 mm í þvermál. Festing hnappanna skal vera með tvennum hætti, annars vegar saumaðir og hins vegar pressaðir (smella).

9. gr.  
*Merkingin „FANGAVÖRÐUR“.*

**FANGAVÖRÐUR**

Merkinguna „FANGAVÖRÐUR“ ofan við hægri brjóstvasa skal sauma á svartan borða, 3 sm á hæð og 10 sm á breidd, þar sem stendur ísaumað með gylltum þræði „FANGAVÖRÐUR“, stafagerð Arial, hæð leturs 11 mm.

10. gr.  
*Stöðueinkenni.*

Einkenni sem sýna starfsstig skulu vera á einkennisbúningum fangavarða. Um stöðueinkenni fer eftir IV. kafla.

11. gr.  
*Einkennisnúmer fangavarða.*

Fangaverðir, sem hafa lokið prófi frá Fangavarðaskóla ríkisins, svo og fangaverðir sem stunda þar nám, skulu fá úthlutað fjögurra stafa einkennisnúmeri. Tveir fyrstu stafir númersins ráðast af

byrjunarári í fangavörslunni en tveir þeir síðari segja til um röðun þeirra sem ráðnir eru á sama ári. Ef tveir eða fleiri hefja störf á sama tíma skal sá sem eldri er fá lægra númer. Fangelsismálastofnun ríkisins ákveður númer annarra starfsmanna eftir því sem við á. Einkennisnúmer skulu vera ísaumuð með gylltum þræði í svartan efnisbút sem skal vera 25 mm á hæð og 47 mm á breidd. Tölustafirnir skulu vera af gerðinni Arial, 12 mm á hæð. Fangavarðanúmer skal festa yst á smeyga fangavarða. Aldrei má úthluta einkennisnúmeri fangavarða sem annar hefur borið.

### III. KAFLI

#### **Einkennisfatnaður Fangelsismálastofnunar ríkisins.**

##### 12. gr.

##### *Hátíðarbúningur, föt 1.*

Föt 1 samanstanda af síðum, tvíhnepptum jakka og buxum úr svörtu efni, sama efni skal vera í báðum flíkunum, hvít skyrta, svart bindi, svartir sokkar, svartir lágir leðurskór, hvítir hanskar og svartur, einhnepptur regnfrakki. Frakkann skal aðeins nota þegar staðinn er heiðursvörður og skal fangelsismálastofnun eiga til taks minnst 10 frakka.

Einkennishúfa 1 skal vera úr svörtu efni með hvítum kringlóttum kolti með 5 sm breiðri uppi-standandi gjörð, 5 sm breiðri reisu, gljáleðurskyggni og svartri hökuól eða gylltum 12 mm breiðum borða, þétt ofnum með ísaumuðu upphleyptu munstri með gullþræði, er fest sé á gjörðina með tveimur litlum einkennishnöppum. Á gjörðinni skal vera svartur borði úr upphleyptu efni. Framan á reisu skal vera skjaldarmerki Íslands, 4 sm að hæð, úr málm. Húfa 1 skal borin samkvæmt sérstakri ákvörðun yfirmanns í fangelsi hverju sinni.

Fangaverðir skulu klæðast hátíðarbúningi á eftirfarandi dögum: Páskadag, annan í páskum, hvítasunnudag, annan í hvítasunnu, aðfangadag, jóladag, annan í jólum, gamlársgangur og nýársdag. Annars eftir sérstakri ákvörðun forstöðumanns fangelsisins.

Forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins skal hafa hátíðarbúning til afnota við stærri athafnir.

##### 13. gr.

##### *Almennur fangavarðafatnaður, föt 2.*

Föt 2 samanstanda af mittisjakka með axlarsprotum og buxum úr svörtu, slitsterku efni, skyrta og pólóbol, samkvæmt nánari ákvörðun í verklagsreglum, svart bindi, svört peysa, svartir sokkar, svartir lágir skór/inniskór, svart belti og svartir hanskar. Einkennishúfa skal vera svört derhúfa úr sterku efni með fangavarðarmerki.

##### 14. gr.

##### *Sérstakur útifatnaður, föt 3.*

Föt 3 er svartur galli sem samanstendur af síðri úlpu með lausu fóðri og buxum úr slitsterku, lipru, vatns- og vindheldu efni með góðri útöndun (tex efni). Endurskin skal vera aftan á úlpu. Ennfremur kuldahúfa og kuldaskór/íþróttaskór.

##### 15. gr.

##### *Annar fatnaður og búnaður.*

Fangaverðir skulu, samkvæmt nánari ákvörðun forstöðumanna fangelsanna, fá annan fatnað og búnað sem þörf er á vegna starfa þeirra, svo sem vinnusloppa, samfestinga, öryggishjálma, öryggisskó, öryggisgleraugu, vinnuvettlinga, stígvél og tækjabelti með tilheyrandi búnaði.

Um einkennismerkingar á fatnað og annan búnað, sem grein þessi tekur til, skal fjallað í verklagsreglum.

##### 16. gr.

##### *Útvegum og úthlutun einkennisfatnaðar.*

Fangelsismálastofnun skal útvega einkennisfatnað og annan nauðsynlegan búnað samkvæmt reglugerð þessari.

Úthluta skal einkennisfatnaði og öðrum búnaði samkvæmt því sem ákveðið er í verklagsreglum. Haldin skal skrá yfir afhentan einkennisfatnað og annan búnað.

17. gr.

*Viðhald einkennisfatnaðar.*

Einkennisfatnaði sem reglugerð þessi tekur til skal vel við haldið.

Starfsmenn skulu sjálfir bera kostnað af venjulegu viðhaldi einkennisfatnaðar, en þó skal vinnuveitandi bera kostnað af tveimur fatahreinsunum á ári og öðrum hreinsunum sem forstöðumenn fangelsanna meta af sérstökum ástæðum.

Meiriháttar tjón á einkennisfatnaði, sem rekja má til starfars, skal bætt með nýjum einkennisfatnaði.

18. gr.

*Eignarheimild og skil á einkennisfatnaði við starfslok.*

Einkennisfatnaður sem starfsmaður hefur fengið afhentan samkvæmt reglugerð þessari og notað lengur en í tvö ár skal teljast hans eign. Tilheyrandi einkennum og búnaði ber honum þó að skila við starfslok.

Starfsmenn sem láta af störfum eftir að hafa starfað skemur en í tvö ár skulu skila einkennisfatnaði, búnaði og einkennum, sem þeir hafa fengið afhent vegna fangavarðarstarfs.

Heimilt er að undanþiggja skilaskyldu tiltekinn hluta einkennisfatnaðar.

19. gr.

*Lán einkennisbúninga og búnaðar.*

Forstjóra Fangelsismálastofnunar ríkisins er heimilt við sérstök undantekningartilvik að lána einkennisbúninga og annan búnað sem tengist starfsemi fangelsanna.































Forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins getur samþykkt útleigu á einkennisfatnaði vegna framleiðslu kvikmynda, sjónvarpsþátta eða af sambærilegu tilefni, enda telji hann ekkert því til fyrirstöðu.

IV. KAFLI

**Stöðueinkenni.**

20. gr.

Stöðueinkenni fangavarða, forstöðumanna og forstjóra fangelsismálastofnunar skulu vera með eftirfarandi hætti:

 Stöðuheiti:	Einkennishúfa:	Axlar smeygur:	Kragahorn á jakka:	Ermar á jakka:
<b>FANGAVARÐARNEMI OG Í AFLEYSINGUM</b>				
<b>FANGAVÖRÐUR AÐ LOKNUM SKÓLA</b>				
<b>FANGAVÖRÐUR Í SÉRHÆFÐU STARFI</b>				
<b>AÐSTOÐARVARÐSTJÓRI</b>				
<b>VARÐSTJÓRI</b>				
<b>DEILDARSTJÓRI</b>				
<b>FORSTÖÐUMADUR</b>				
<b>FORSTJÓRI</b>				

## 21. gr.

*Óskólagengnir fangaverðir og nemar.*

Fangavörður án skóla og fangavarðarnemi skal bera einn gylltan borða 3 mm breiðan nær hálsmáli.

## 22. gr.

*Fangavörður.*

Fangavörður að loknum skóla skal bera einn gylltan borða 6 mm breiðan nær axlarbrún og annan 3 mm, 2 mm innar og einn gylltan borða 3 mm breiðan nær hálsmáli. Á gjörð einkennishúfu skal vera svartur borði úr upphleyptu efni.

## 23. gr.

*Fangavörður í sérhæfðu starfi.*

Fangavörður í sérhæfðu starfi skal bera einn gylltan borða 6 mm breiðan nær axlarbrún og annan 3 mm, 2 mm innar og einn gylltan borða 3 mm breiðan nær hálsmáli. Hann skal bera eina slétta gyllta plötu, 24 x 10 mm að stærð á hvorum axlarsmeyg. Á gjörð einkennishúfu skal vera svartur borði úr upphleyptu efni.

## 24. gr.

*Aðstoðarvarðstjóri.*

Aðstoðarvarðstjóri skal bera einn gylltan borða 6 mm breiðan nær axlarbrún og annan 3 mm, 2 mm innar og einn gylltan borða 3 mm breiðan nær hálsmáli. Hann skal bera tvær sléttar gylltar plötur, 24 x 10 mm að stærð á hvorum axlarsmeyg. Á jakka ber hann eitt lítið skjaldarmerki úr málmi, 22 mm að hæð, á hvoru kragahorni. Á gjörð einkennishúfu skal vera svartur borði úr upphleyptu efni.

## 25. gr.

*Varðstjóri.*

Varðstjóri skal bera tvo gyllta borða 6 mm breiða nær axlarbrún með 2 mm millibili og einn gylltan borða 3 mm breiðan nær hálsmáli. Hann skal bera eina gyllta fimmarma stjörnu, 16 mm í þvermál, á hvorum axlarsmeyg. Hann skal bera einn 10 mm breiða borða á hvorri jakkaermi ofan við ermahnappa, með 5 mm millibili og ná milli ermasauma. Á jakka ber hann eitt lítið skjaldarmerki úr málmi, 22 mm að hæð, á hvoru kragahorni. Á gjörð einkennishúfu skal vera gylltur borði úr upphleyptu efni.

## 26. gr.

*Deildarstjóri.*

Deildarstjóri skal bera tvo gyllta borða 6 mm breiða nær axlarbrún með 2 mm millibili og einn gylltan borða 3 mm breiðan nær hálsmáli. Hann skal bera tvær gylltar fimmarma stjörnur, 16 mm í þvermál, á hvorum axlarsmeyg. Hann skal bera tvo 10 mm breiða borða á hvorri jakkaermi ofan við ermahnappa, með 5 mm millibili og ná milli ermasauma. Á jakka ber hann eitt lítið skjaldarmerki úr málmi, 22 mm að hæð, á hvoru kragahorni. Á gjörð einkennishúfu skal vera gylltur borði úr upphleyptu efni.

## 27. gr.

*Forstöðumaður.*

Forstöðumaður skal bera tvo gyllta borða 6 mm breiða nær axlarbrún með 2 mm millibili og einn gylltan borða 3 mm breiðan nær hálsmáli. Hann skal bera þrjár gylltar fimmarma stjörnur, 16 mm í þvermál, á hvorum axlarsmeyg. Hann skal bera þrjá 10 mm breiða borða á hvorri jakkaermi ofan við ermahnappa, með 5 mm millibili og ná milli ermasauma. Á jakka ber hann eitt lítið skjaldarmerki úr málmi, 22 mm að hæð, á hvoru kragahorni. Á gjörð einkennishúfu skal vera gylltur borði úr upphleyptu efni.

28. gr.

*Forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins.*

Forstjóri skal bera tvo gyllta borða 6 mm breiða nær axlarbrún með 2 mm millibili og einn gylltan borða 3 mm breiðan nær háls máli. Hann skal bera 4 gylltar fimmarma stjörnur, 16 mm í þvermál, á hvorum axlarsmeyg. Hann skal bera fjóra 10 mm breiða borða á hvorri jakkaermi ofan við ermahnappa, með 5 mm millibili og ná milli ermasauma. Á jakka ber hann eitt lítið skjaldarmerki úr málmí, 22 mm að hæð, á hvoru kragahorni. Á gjörð einkennishúfu skal vera gylltur borði úr upphleyptu efni.

V. KAFLI

**Fangavarðaskilríki Fangelsismálastofnunnar ríkisins.**

29. gr.

*Útgáfa fangavarðaskilríkjanna.*

Forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins gefur út fangavarðaskilríki. Á fangavarðaskilríkjnum skulu vera einkennismerki fangavarða og áritunin „Fangavörður“. Þar skal vera andlitsmynd af skírteinishafa og upplýsingar um nafn hans og kennitölu, stöðuheiti, einkennisnúmer og útgáfudag skilríkisins. Þá skal skilríkið vera undirritað af forstjóra Fangelsismálastofnunar ríkisins og bera stimpil stofnunarinnar. Að öðru leyti ákveður fangelsismálastofnun útlit fangavarðaskilríkja í verklagsreglum.

30. gr.

*Notkun fangavarðaskilríkjanna.*

Þegar fangavörður er að störfum, skal hann geta sannað á sér deili með framvísun skilríkisins.

31. gr.

Fangavarðaskilríki eru afhent við útskrift úr Fangavarðaskóla Fangelsismálastofnunar ríkisins, við skipun eða eftir 2 ára samfelld starf.

Fangavarðaskilríki eru eign Fangelsismálastofnunar ríkisins.

Þegar starfsmenn, sem fengið hafa afhent fangavarðaskilríki láta af störfum, skulu þeir skila fangavarðaskilríkjum sínum.

VI. KAFLI

**Verklagsreglur o.fl.**

32. gr.

Forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins getur sett nánari fyrirmæli um notkun einkennisbúninga.

Fangelsismálastofnun ríkisins skal, að höfðu samráði við Fangavarðafélag Íslands, setja verklagsreglur um gerð og útfærslu einkennisfatnaðar, klæðaburð, þ.m.t. um leyfilega samsetningu einkennisklæðnaðar og samræmi í klæðaburði, og úthlutun einkennisfatnaðar og búnaðar, bæði reglulega úthlutun einkennisfatnaðar og um úthlutun til þeirra sem gegna afleysingastörfum. Þar má ákveða að úthlutun falli niður þegar fangaverðir eru í launalausum leyfi eða í fæðingarorlofi.

Forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins skal í verklagsreglum kveða nánar á um skilgreiningu á litum sem nota skuli í einkennismerkjum og einkennisfatnaði fangavarða.

Forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins getur kveðið nánar á um gerð og notkun fangavarðaskilríkja.

Heimilt er að úthluta fangavörðum fatabeiðnum í stað reglubundinnar úthlutunar einkennisfatnaðar ef þeir þurfa, samkvæmt ákvörðun yfirmanns, að vinna óeinkennisklæddir. Forstöðumenn fangelsanna ákveða fjárhæð slíkrar úthlutunar og geta sett henni nánari skilyrði.

VII. KAFLI

**Gildistaka.**

33. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 80. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um einkennisfatnað, merki og búnað fangavarða og forstöðumanna fangelsanna nr. 829 frá 19. nóvember 1999.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Eftir gildistöku reglugerðar þessarar er samkvæmt ákvörðun fangelsismálastofnunar heimilt að nota áfram einkennisfatnað samkvæmt reglugerð nr. 829 frá 19. nóvember 1999.

*Innanríkisráðuneytinu, 26. september 2012.*

**Ögmundur Jónasson.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

VIÐAUKI  
**Úthlutun einkennisfatnaðar og búnaðar.**

Úthlutun einkennisfatnaðar er annars vegar almenn reglubundin úthlutun sem er óháð ákvörðun fangelsisimálastofnunar og hins vegar sérstök úthlutun sem er háð ákvörðun fangelsisimálastofnunar hverju sinni.

**Flokkun á fötum.**

<b>Föt 1/hátíðarbúningur</b>	<b>Föt 2</b>	<b>Föt 3</b>
Jakki 1	Jakki 2	Úlpa
Buxur 1	Buxur 2	Útibuxur
Skyrta/langerma/hvít	Skyrta/svört	Kuldaskór
Leðurskór	Pólóbolur	Kuldahúfa
Bindi	Peysa	
Einkennishúfa	Sokkar	
Hvítir hanskar	Belti	
	Hanskar	
	Götuskór	
	Inniskór	
	Derhúfa	

**I Reglubundin úthlutun.**

- |   |  |
|---|--|
| 1. Peysa 1 – peysa 2                        | 1 á hverju ári að eigin vali             |
| 2. Buxur 1 – buxur 2                        | 3 flíkur á hverju ári að eigin vali      |
| 3. Skyrta lang-/stutterma – pólóbolur       | 4 flíkur á hverju ári að eigin vali      |
| 4. Skór 1 – skór 2 – inniskór – íþróttaskór | 2 pör af skóm á hverju ári að eigin vali |
| 5. Sokkar                                   | 5 pör af sokkum á hverju ári             |
| 6. Bindi                                    | 2 stk. á hverju ári                      |
| 7. Hanskar                                  | 1 stk. á hverju ári                      |
| 8. Derhúfa – kuldahúfa                      | 1 stk. annað hvert ár                    |
| 9. Belti                                    | 1 stk. annað hvert ár                    |



## Úthlutun í árum. Full úthlutun í byrjun 2012, engin úthlutun 2013

Einkennisfatnaður	2012	Nýliði	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Jakki 2 – peysa 2	1 (*)	1		1	1	1	1	1
Buxur 1 – buxur 2	2 (**)	1		3	3	3	3	3
Skyrta – pólóbólur	2 (*)	2		4	4	4	4	4
Skór 1 – skór 2 – inniskór – íþróttaskór	2 (**)	1		2	2	2	2	2
Sokkar	5			5	5	5	5	5
Bindi	2	1		2	2	2	2	2
Hanskar	1			1	1	1	1	1
Derhúfa – kuldahúfa	1 (*)				1		1	
Belti	1	1			1		1	
Kuldaúlpa	1					1		
Hlífðarbuxur	1					1		
Kuldaskór	1					1		

(\*) af hvoru

(\*\*) eftir vali

Skipaðir fangaverðir, við skipun og eftir 2 ár samfellt í starfi.

**II Úthlutun háð ákvörðun fangelsismálastofnunar.**

1. Jakki 2
2. Kuldaúlpa
3. Kuldaskór
4. Hlífðarbuxur
5. Hátíðarbúningur
6. Regnjakki
7. Vinnusamfestingar
8. Tækjabelti
9. Annar nauðsynlegur búnaður

**Lýsing á einkennisfatnaði.**

Teikningarnar eru einungis til hliðsjónar og þar sem mögulega er hægt að túlka misræmi í teikningum og útboðslýsingu skal útboðslýsing ráða.


Þegar talað er um svartan lit í eftirfarandi lýsingum er átt við lit Pantone Textile nr. 19-0303 TP eða sambærilegan, og hvítan lit Pantone Textile 11-4202 TP eða sambærilegan.

Fangelsismálastofnun leggur til einkenni á fatnað, s.s. fangavarðarmerki, einkennishnappa og stöðueinkenni. Þjóðendur skulu í tilboði sínu gera ráð fyrir að festa þau á einkennisfatnaðinn. Stöðueinkenni skulu sett á fatnaðinn samkvæmt ákvæðum meðfylgjandi reglugerðar.

Allur fatnaður skal henta jafnt báðum kynjum við fangavarðastörf, þ.e. sniðinn sérstaklega fyrir karla jafnt sem konur.

Merkingar með nafni fatnaðar skulu ekki vera sýnilegar á flíkinni.

## 1) Buxur 1.



**Efni:** Buxurnar skulu vera úr svörtu, vönduðu terelyne-efni, u.þ.b. 55% polyester/45% ull, u.þ.b. 420 g/lm.

**Fóður:** Lipurt, slitsterkt fóður.

**Fylgihlutir:** Límfóður í streng skal vera með styrkingu, svartur rennilás (4-5 mm), krækjur á streng (krækjur/tala), slitbönd í skálmur (u.þ.b. 2 sm breidd). Skábönd skulu notuð í bryddingar. Í vasapokum skal vera slitsterkt lipurt vasaefni. Buxurnar skal sauma með slitsterkum tvinna sem sé í samræmi við efni. Tölur skulu vera 15 mm Ø.

**Buxur:** Buxur skulu hafa 2 föll undir streng báðum megin að framan sem snúa að vasa. Þær skulu hafa sniðsauma að aftan. Þær skulu fastfóðraðar niður að hnjám að framan. Skálmur skulu sléttar niður (vidd að neðan 44-50 sm) með brotum en án uppábrotá. Buxurnar skulu vera til fyrir bæði kynin. Kvenbuxur skal sauma eins og það á við en þær skulu halda öllum einkennum, s.s. vösum.

**Vasar:** Vasar skulu liggja á ská að framan, u.þ.b. 4 sm frá hliðarsaumi neðan við streng og halla niður að hlið (opið 17-18 sm). Rassvasar skulu vera báðum megin bryddaðir með tveim brúnum, 5-7 sm neðan við streng, 4-6 sm frá saumaðri hlið. Vasapokar eiga að ganga upp undir streng. Rassvösum skal vera hægt að loka með tölum.

**Buxnaklauf:** Buxnaklauf skal vera með rennilás, brydduðum klauflistum og fóðri á undirlista. Fóðrið skal ganga niður á saumfarið í kringingu.

**Strengur:** Strengur skal vera u.þ.b. 3 sm á breidd, skal vera með strengbandi og gúmmírönd (skyrtu-stoppa) að innanverðu, bryddaður í neðribrún innanvert með aukalengd í miðju að aftan. Strengur


skal lokast að framan með tveim krækjum (einni krækju og einni tölu). Beltissmeygar fyrir 4–5 sm breitt belti skulu vera á buxum (5-7 stk. eftir strengvídd).

**Faldur:** Skálmur skulu blindfaldaðar og neðan á afturskálm skal vera slitband.

**Heftingar:** Styrktarheftingar skulu vera á rassvösum, framvösum upp við streng og út við hlið og einnig á klauf. Fóður á klauflista skal hefta niður í saumfar í kringingu. Einnig skulu beltissmeygar heftaðir niður að ofan og neðan.

**Merkingar:** Inn í buxurnar skal sauma fyrirferðarlitla merkimiða sem gefa upplýsingar um efni og meðhöndlun. Einnig skulu þar vera miðar með stærðarnúmerum (strengvídd í sm).

## 2) Jakki 2.



**Efni:** Ytra borð jakkans skal vera úr svörtu efni, softshell eða sambærilegu efni, 10% EL, 12% PU, 39% PES, 39% PA, u.þ.b. 365 g/m<sup>2</sup>, vatnsvörðu, vindvörðu og sýna ber fram á það m.t.t. viðurkenndra gæðastaðla (EN 20811 (ISO 811), EN 24920 (ISO 4920), EN ISO 9 237, ISO 13934/1, ISO 13937/2, DIN 53863 Part 2). Slitsterkt þunnt svart efni sem notast í vasapoka og utan á kruga. Jakkinn skal vera með öndun.

**Fylgihlutir:** Svartur rennilás úr plasti með snúru með bjöllu í sleða (8–10 mm breiður). 2 svartar tölur. Svört teygja (10 mm breið). Svört snúra með stoppurum. Armmerki. Svartur borði þar sem á stendur ísaumað með gylltum þræði FANGAVÖRÐUR. Jakkann skal sauma með slitsterkum, svörtum tvinna sem hæfir efninu.

**Bolur:** Sídd jakka skal vera sem nemur 1/3 líkamshæð + u.þ.b. 10–12 sm mælt í miðju baki frá háls máli að streng (síddarhlutföll eru miðuð við meðal líkamshæð 177 sm, tekið úr HAKA). Jakkinn skal hafa herðastykki sem nær vel niður á brjóstakassa að framan og niður á bak að aftan. Snúra með stoppurum skal vera í faldi neðst á jakkanum svo hægt sé að draga hann saman að neðan. Jakkann skal hægt að hengja á snaga með hanka sem staðsettur er fyrir neðan kruga aftan á hálsi.

**Vasar:** Í brjóstthæð á framstykki hægra megin skal vera lóðréttur brjóstvasi (18-20 sm) sem lokast með rennilás. Vinstra megin skal vera talstöðvarvasi. Samsvarandi vasar (8-20 sm) skulu vera neðan mittis og liggja skáhallt (sjá teikningu).

**Lokun:** Að framan lokast jakkinn með rennilás. Rennilásinn skal ganga alveg frá neðri brún falds og að efri brún kruga og hafa undir sér mjóan vindlista

**Kragi:** Jakkinn skal hafa uppistandandi kruga (8–10 sm háan). Kraginn er tvöfaldur með þunnt svart efni sem ytra efni.


**Ermarmar:** Ermarmar skulu vera ísettar tvísaumsermar, nokkuð langar með gati fyrir þumal. Ermabrún og þumalop skal bryddað með svartri teygju. Ermarmar skulu hafa sniðsauma fyrir olnboga.

**Axlarsprotar:** Á báðum öxlum skulu vera axlarsprotar úr sama efni og er í jakkanum eða sambærilegu (4,5 sm breiðir og 15 sm langir, sniðnir í odd), festir upp á öxl með svartri tölu.

**Merkingar:** Á báðar ermarmar, u.þ.b. 7 sm frá axlasaumi skal sauma armmerki. Í brjóstthæð hægra megin skal sauma svartan borða þar sem á stendur ísaumað með gylltum þræði FANGAVÖRÐUR.

Inn í jakkann skal festa fyrirferðarlitla merkimiða sem gefa upplýsingar um efni og meðhöndlun. Einnig skal festa stærðarnúmer inn í jakkann.

### 3) Buxur 2.



**Efni:** Buxurnar skulu vera úr svörtu, slitsterku efni, sem er í senn vatns- og vindvarið, 65% polyester/35% bómull, u.þ.b. 215 g/m<sup>2</sup>. Buxurnar skulu framleiddar í samræmi við gæðastaðla ISO 9001.

**Fylgihlutir:** Svartur plastrennilás (5-6 mm breiður) í buxnaklauf. Grófari svartir rennilásar (5-6 mm breiðir) með ofna snúru festa í sleðana til lokunar á vösum. Tölur á streng (15-16 mm Ø). Í vasapokum skal vera slitsterkt lipurt vasaefni. Buxurnar skal sauma með slitsterkum svörtum tvinna sem er í samræmi við efnið.

**Buxur:** Skálmarnar skulu vera nokkuð beinar niður (vídd á skálmum að neðan 45-50 sm) þær skulu vera faldaðar en án uppabrots. Buxurnar skulu vera til fyrir bæði kynin.

**Vasar:** Vasar skulu liggja á ská að framan, u.þ.b. 4 sm frá hliðarsaumi neðan við streng, og halla niður að hliðarsaumi. Vasapokarnir skulu ganga upp undir streng. Rassvasar skulu vera innanliggjandi sitt hvoru megin og vera staðsettir u.þ.b. 8 sm fyrir neðan streng og ná út í hliðarsaum. Þeir skulu lokast með rennilás og vindhlíf. Vasar skulu sitja hornrétt á hliðarsaumum beggja skálma, u.þ.b. 20 sm fyrir neðan streng. Hliðarsaumar skulu vera undir miðjum vösum. Vasarnir skulu vera tvöfaldir. Sá innri lokast með rennilás og vindlista. Ytri vasi vinstra megin lokast með rennilás en hægra megin er hann tvöfaldur pennavasi (sjá teikningu).

**Buxnaklauf:** Buxnaklauf skal vera með rennilás (5-6 mm breiðum) og undirlista.

**Strengur:** Strengurinn (3-4 sm á breidd) lokast að framan með tölu (15-16 mm Ø). Hann skal hafa aukalengd að aftan. Beltissmeygar fyrir 4-5 sm belti skulu vera á buxunum (5-7 stk. eftir strengvídd).

**Faldur:** Faldur á skálmum skal vélstunginn upp.

**Heftingar:** Styrktarheftingar skulu vera á framvösum og klauf. Einnig skal hefta beltissmeyga að ofan og neðan.

**Merkingar:** Inn í buxur skal sauma fyrirferðarlitla merkimiða sem gefa upplýsingar um efni og meðhöndlun. Einnig skal sauma inn stærðarnúmer.

#### 4) Skyrta 2.



**Efni:** Í skyrtna skal nota svart, lipurt og slitsterkt efni sem er auðvelt í umhirðu (straufrítt/drip dry). Bómull u.þ.b. 30-40%, polyester u.þ.b. 60-70%, u.þ.b. 120-170 g/m<sup>2</sup>.

**Fylgihlutir:** Milliefni í kraga og ermalingar. Límfóður í vasalok og axlarsprotu. Tölur (12 mm Ø). Armmerki. Skyrtna skal sauma með slitsterkum, svörtum tvinna sem hæfir efninu.

**Bolur:** Sídd á skyrtnu skal vera sem nemur ½ líkamshæð ÷ 0-10 sm mælt í miðju baki frá hálsmáli. Herðastykki skal vera tvöfalt. Skyrturnar skulu vera til fyrir bæði kynin.

**Vasar:** Á skyrtnu skulu vera tveir brjóstvasar með falli og loki sem hneppist niður með tölu (12 mm Ø). Í vinstra vasaloki skal vera op fyrir penna. Stærð á vösum á kvenskyrtu skulu vera í samræmi við stærð skyrtnu.


**Kragi:** Á skyrtnu skal vera hefðbundinn skyrtnukragi með standi með stífu milliefni.

**Lokun:** Að framan lokast skyrtnan með 7 tölum (12 mm Ø). Efsta talan kemur á kragastand.

**Ermar:** Ermar skulu vera ísettar og þægilega rúmar með hefðbundinni ermaklauf með lista og ermalingu. Ermalíningar skulu vera rúnnaðar að framan eða hornin sneydd.

**Axlarsprotar:** Á báðum öxlum skulu vera axlarsprotar úr sama efni og skyrtnan, 4,5 sm breiðir og 14-15 sm langir, sniðnir í odd og hnepptir upp á öxl með tölum (12 mm Ø).

**Merkingar:** Á báðar ermar, u.þ.b. 7 sm frá axlasaumi skal sauma armmerki. Í brjóstthæð hægra megin skal sauma svartan borða þar sem á stendur ísaumað með gylltum þræði FANGAVÖRÐUR. Inn í jakkann skal festa fyrirferðarlitla merkimiða sem gefa upplýsingar um efni og meðhöndlun. Einnig skal festa stærðarnúmer inn í jakkann.

**5) Skyrta 3 (póló bolur).**

**Efni:** Í bolinn skal nota svart, lipurt efni sem er auðvelt í umhirðu, 100% polyester (200-220 g/m<sup>2</sup>). Efnið skal hafa öndureiginleika og vera bakteríuhamjandi. Styrkingarefni í axlarsprotu.

**Fylgihlutir:** Límfóður í kraga. Armmerki. Svartar tölur (10 mm Ø). Bolinn skal sauma með slitsterkum, svörtum tvinna sem hæfir efninu.

**Bolur:** Bolur skal vera hefðbundinn pólóbolur með hnepptu hálsmáli eða renndu hálsmáli. Ef bolurinn er með hnepptu hálsmáli þá skal hann vera með þremur tölum (10 mm Ø). Bolurinn skal vera til fyrir bæði kynin.


**Kragi:** Kraginn skal vera skyrtukragi með standi og þannig úr garði gerður að hann krumpist ekki mikið við þvott.

**Vasar:** Bolurinn skal hafa brjóstvasa vinstra megin.

**Ermar:** Ermar skulu vera ísettar og stuttar.

**Axlarsprotar:** Á báðum öxlum skulu vera axlarsprotar úr styrkingar-/stífefni, (4,5 x 14-15 sm langir) sniðnir í odd, festir upp á öxl með með tölum (10 mm Ø).

**Merkingar:** Á báðar ermar, u.þ.b. 7 sm frá axlasaumi skal sauma armmerki. Í brjósthæð hægra megin skal sauma svartan borða þar sem á stendur ísaumað með gylltum þræði FANGAVÖRÐUR. Inn í bolinn skal festa fyrirferðarlitla merkimiða sem gefa upplýsingar um efni og meðhöndlun. Einnig skal festa stærðarnúmer inn í bolinn.

**6) Peysa 2, með V hálsmáli.**

**Efni:** Í peysuna skal nota svart þrjónað efni, ull/polylester eða sambærilegt ásamt svörtu styrkingar-efni.

**Fylgihlutir:** Armmerki. Peysan skal saumuð með svörtum slitsterkum tvinna sem hæfir efninu.

**Bolur og kragi:** Peysan skal vera þægilega rúm með V-hálsmáli, bryddað stroffi. Axlarstykki úr svörtu ofnu efni skulu koma yfir axlirnar.

**Ermar:** Ermar skulu vera ísettar og langar með stroffi að framan.

**Vasar:** Vasar fyrir penna skulu vera á annarri eða báðum ermum úr styrktarefni.

**Axlarsprotar:** Á öxlum skulu vera axlarsprotar úr styrkingarefni 4,5 sm breiðir og 13-15 sm langir. Þeir skulu festast niður með tölu eða riflás (12-14 mm Ø).

**Merkingar:** Á báðar ermar, u.þ.b. 7 sm frá axlasaumi, skal sauma armmerki. Í brjóst hægra megin skal sauma svartan borða þar sem á stendur ísaumað með gylltum þræði FANGAVÖRÐUR. Inn í peysuna skal festa fyrirferðarlitla merkimiða sem gefa upplýsingar um efni og meðhöndlun. Einnig skal festa stærðarnúmer inn í peysuna.

### **Peysa 2, flís rúllukragapeysa (heil).**

**Efni:** Peysan skal vera úr svörtu teygjanlegu og hnökurfríu Power Stretch flísefni, eða sambærilegu. Svart ofið efni í axlarsprotu. Þykkara flísefni í föðrun á kraga, polartec 200 eða sambærilegt.

**Fylgihlutir:** Armmerki. Peysan skal saumuð með svörtum slitsterkum tvinna sem hæfir efninu.

**Bolur og kragi:** Peysan skal vera heil, vasalaus og ná vel niður á mjaðmir. Hún skal hafa rúllukraga föðraðan með grófara flísefni. Peysan skal vera til fyrir bæði kynin.

**Ermar:** Ermar skulu annaðhvort vera ísettar eða laskaermar.

**Axlarsprotar:** Á öxlum skulu vera axlarsprotar úr ofnu efni 4,5 sm breiðir og 13-15 sm langir. Þeir skulu festast niður með tölu eða riflás (12-14 mm Ø).

**Merkingar:** Á báðar ermar, u.þ.b. 7 sm frá axlasaumi, skal sauma armmerki. Í brjóst hægra megin skal sauma svartan borða þar sem á stendur ísaumað með gylltum þræði FANGAVÖRÐUR. Inn í peysuna skal festa fyrirferðarlitla merkimiða sem gefa upplýsingar um efni og meðhöndlun. Einnig skal festa stærðarnúmer inn í peysuna.

### **7) Einkennishúfa 2.**

Húfan skal vera úr 100% polyester sem er með öndunar- og aðlögunareiginleika svokallað ID-Tech. Húfan skal vera með hefðbundnu hafnarboltahúfu sniði með opi að aftan sem lokast með riflás til stillingar á stærð. Derið skal vera mjög stíft og framstykkinn tvö skulu vera vel stífuð af þannig að húfan beri sig vel. Öndunargöt skulu vera á hverju stykki. Á mótum stykkjanna skal vera yfirdekk tala (u.þ.b. 15 mm Ø). Inni í húfunni skal vera svitaband.

**Merkingar:** Fremst fyrir miðju á framstykki skal setja fangavarðarmerki (armmerki).

